

Bankar og endurskipulagning fyrirtækja

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá mig um þetta fundarefni sem er fyrirtækjum landsins afar mikilvægt. Það er í þágu atvinnulífsins að hér starfi virkt og gott samkeppniseftirlit sem gefur út leiðbeiningar og hjálpar fyrirtækjum að fóta sig í því flókna regluverki sem samkeppnislögin óneitanlega eru. Það er mikilvægt að fyrirtækin fái fyrirfram upplýsingar og ráðgjöf um þau viðmið sem um þessi mál gilda. Upplýsingarnar verða að vera á skiljanlegu máli og þannig að auðvelt sé fara eftir þeim. Þeir atburðir sem hér riðu yfir fyrir 20 mánuðum ættu að verða til þess að Samkeppniseftirlitið einbeiti sér að hinum stóru málum en týni sér ekki í smáatriðum og minni háttar málum.

Í kjölfar hrunsins haustið 2008 héldu Samtök atvinnulífsins tíða fundi, og í fyrstu daglega, um viðbrögð við kreppunni. Þar komu að fulltrúar stjórnvalda, verkafólksheyringar, atvinnulífs ásamt fjölmörgum öðrum sem kallaðir voru til vegna einstakra mála. Tíður gestur á þessum fundum var forstjóri Samkeppniseftirlitsins og í kjölfarið mótaði stofnunin í samráði við SA og fleiri álit stofnunarinnar um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Stefnan var í 10 meginatriðum. Það varð síðan til þess að allir stóru bankarnir hafa mótað sér vinnureglur til að fara eftir við að greiða úr vanda fyrirtækja hvort sem er með yfirtöku, nýrri lánaþyrngreiðslu, afskrift skulda, kröfu um aukið eigið fé eða aðrar ráðstafanir. Sömuleiðis hafa Samtök fjármálafyrirtækja fyrr á þessu ári gefið út sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Vandinn er mikill sem meðal annars kom fram í skýrslu AGS við aðra endurskoðun efnahagsáætlunarinnar að helmingur fyrirtækja væri í einhvers konar greiðslufrystingum eða öðrum úrræðum. Það er afar brýnt að bankarnir vinni með fyrirtækjunum að úrlausn þess vanda sem skapaðist annars vegar við hrun bankanna og hins vegar gríðarlega gengislækkun íslensku krónunnar. Nauðsynlegt er að sem fyrst takist að ljúka afgreiðslu mála þannig að fyrirtækin þurfi ekki að velkjast um í óvissu misseri eftir misseri án þess að það takist að ljúka samkomulagi við viðskiptabanka sinn. Fljótlega eftir bankahrunið töldu bankarnir að það

myndi taka 12 til 24 mánuði að fara í gegnum vanda fyrirtækjanna og móta afstöðu til aðgerða gagnvart þeim. Nú, ríflega einu og hálfu ári síðar, er enn talið að þetta verkefni muni taka eitt til tvö ár. Þótt gera megji því skóna að fyrstu hugmyndir um umfang verkefnisins hafi verið óraunhæfar þá er nú svo komið að þessi óvissutími er að verða allt of langur.

Drátturinn ýtir undir óvissu og skuldasöfnun fyrirtækjanna og gerir enn erfiðara en ella að bjarga fyrirtækjum sem þó eiga sér rekstrargrundvöll.

Það hefur verið reynsla annara þjóða sem gengið hafa í gegnum svipaða kreppu og hér að hægagangur í úrlausn skuldavanda fyrirtækja framlengir kreppuna og tefur alla endurreisn. Það er því nauðsynlegt að sem fyrst sé brugðist við vanda þeirra fyrirtækja sem eiga sér eðlilegar rekstrarlegar forsendur. Áhyggjur hafa komið fram um að bankar mismuni fyrirtækjum alvarlega og viðbúið að slík gagnrýni muni aukast eftir því sem fram vindur. Því eru vinnureglur bankanna afar mikilvægar og nauðsynlegt að eftir þeim sé farið til að ljóst sé að málefnalega sé staðið að endurskipulagningu fyrirtækja og jafnræðis og sanngirni sé gætt.

Það verður að hafa í huga að sú aukning skulda sem varð við gengisfall krónunnar setur rekstri fyrirtækjanna afar þröngar skorður. Ábyrgir fyrirsvarsmenn þeirra sem búa við sæmilegt greiðsluflæði rembast við að semja um skuldir sínar og greiða af þeim eins og frekast er unnt þrátt fyrir að eigið fé þeirra sé lítið eða jafnvel ekkert. Öll fjárfestingarverkefni eru lögð á hilluna, dregið er úr nýsköpun eins og frekast er unnt og smám saman dregur einnig kraftinn og viljann úr þessum fyrirtækjum. Þessa hringrás verða bankarnir að hjálpa til að stöðva. Það eru langtímahagsmunir bankanna og í raun þjóðfélagsins alls að fyrirtækjum, sem ekki hafa stofnað til óábyrgra skulda, verði veitt aðstoð til að laga efnahagsreikning sinn og með því tryggt að þau geti horft til framtíðar, stundað eðlilega uppbyggingu, sinnt markaðsmálum og stundað nýsköpun. Með þessu er ýtt undir ábyrgð í rekstri, en með sífelldum drætti á að þessu sé sinnt er ýtt undir ábyrgðarleysi í rekstrinum, því að þá skiptir ekki máli hvort skuldirnar eru meiri eða minni.

Við endurskipulagningu fyrirtækja hlýtur fyrsti kostur að vera sá að vinna með eigendum þeirra. Þar liggur þekkingin á rekstri fyrirtækjanna, markaðsmálum og öðrum þeim atriðum sem máli skipta. Fjárhagsleg endurskipulagning byggist auðvitað á því að fyrirtækin eigi sér rekstarforsendur til lengri tíma. Niðurfelling skulda, án sérstaks framlags frá eigendum, kann í mörgum tilvikum að vera besti kosturinn fyrir fjármálafyrirtækin því þannig hámarkast

verðmæti fyrirtækjanna og endurheimtur hámarkast. Það eru einnig rök fyrir lækkun að skulda fyrirtækja að uppbygging fyrirtækjanna er í mörgum tilvikum ævistarf eigendanna og eignir þeirra að langstærstum hluta bundnar í fyrirtækinu. Það kann að vera erfitt eða útilokað fyrir eigendurna að leggja fram nýtt eigið fé, eins og krafist er af sumum en þó ekki öllum bönkum, sem leiðir til þess að fyrirtækin eru af þeim tekin og seld. Eigandinn horfir á ævistarfið hverfa þrátt fyrir að hafa alla tíð stundað ábyrgan rekstur og skuldsetning fyrirtækjanna einungis orðið óhófleg vegna gengisfalls krónunnar.

Í þeim tilvikum sem bankar og fjármálastofnanir taka yfir rekstur fyrirtækja verða þau að stefna að sölu í opnu og gagnsæju ferli sem allra fyrst. Þegar bankar eru farnir að reka fyrirtæki á samkeppnismarkaði um lengri tíma skapast hætt á ójafnvægi á markaðnum, að ekki séu gerðar sömu arðsemiskröfur og til annara fyrirtækja og að bankar í krafti síns fjárhagslega styrks sækist eftir betri stöðu síns fyrirtækis á samkeppnismarkaði en annars gæti náðst.

Það verður ekki skilið við fund á vegum Samkeppniseftirlitsins án þess að minnst á ósk stofnunarinnar um auknar valdheimildir til að skipta upp fyrirtækjum án þess að þau hafi brotið af sér eða án þess að um sé að ræða samruna sem hefur í för með sér markaðsráðandi stöðu. Þessar óskir hafa nú birst í lagafrumvarpi sem til umfjöllunar er á Alþingi. Samtök atvinnulífsins eru algerlega ósammála þessu sjónarmiði, telja stofnunina ekki hafa fært fyrir því gild rök og að sú lagabreyting sem stofnunin hefur farið fram á sé óþörf. Sambærileg heimild var felld úr lögum árið 2005 eftir ítarlega umfjöllun og þrátt fyrir að því sé haldið fram í frumvarpinu hafa norsk samkeppnislög ekki að geyma sambærileg ákvæði. Það er heldur ekki eðlilegt að yfirtaka banka á fyrirtækjum skapi þörf á slíku lagaákvæði. Þar er um að ræða neyðarráðstöfun sem kallar á strangt eftirlit Samkeppniseftirlitsins frekar en að dregið verði úr verðmæti eigna bankanna með slíkum hætti. Lagaheimildin getur þannig orðið til þess að seinka nauðsynlegri endurskipulagningu atvinnulífsins.

Hlutverk og mikilvægi samkeppni í frjálsu markaðskerfi verður ekki dregið í efa. Með samkeppni eykst framleiðni í þjóðfélaginu. Með aukinni framleiðni eykst verðmætasköpun og um leið velsæld í þjóðfélaginu. Samkeppnin þvingar fyrirtæki til þess að skapa nýjar hugmyndir og nýjar vörur. Þetta er drifkrafturinn að baki rannsóknum, nýsköpun og um leið nýjum fyrirtækjum og atvinnugreinum. Að þessu vilja Samtök atvinnulífsins vinna og að

Þessu á Samkeppniseftirlitið að vinna. Stofnunin á ekki að vera eins og löggá sem liggur í leynd og bíður þess að koma auga á umferðarlagabrot heldur er mikilvægasta hlutverkið það að upplýsa og fræða fyrirtækin, veita þeim leiðbeiningar og vinna með atvinnulífinu að virkri og heilbrigðri samkeppni.